AFS á Íslandi

Ársskýrsla 2012

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT 1
FRÁ FORMANNI 2
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA 4
SENDING – ÍSLENSKIR NEMAR 7
HÝSING – ERLENDIR NEMAR 9
VERKEFNASTJÓRI 11
REYKJAVÍKURDEILD 13
AKUREYRARDEILD 16
IPOT (ICELANDIC POOL OF TRAINERS) 17
TÖLVUNEFND 19
EVUR 21
SJÁLFBOÐALIÐI ÁRSINS 23
STJÓRN FÉLAGSINS 24
STARFSFÓLK 25
STYRKTARAÐILAR 26
ÁRSREIKNINGUR 27

AFS á Íslandi
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Sími: 552 5450
www.afs.is

Frá formanni

Kristján Gíslason

Þá er komið að leiðarlokum, þar sem ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér sem formaður samtakanna áfram. Ástæðan er sú að við hjónin erum að flytja til Sevilla á Spáni og ráðgerum að vera þar næstu tvö árin. Hef ég þá verið formaður í 6 ár samtals, þ.e. frá 2008 til ársins í ár 2012, og frá 1974 – '76, eftir að við skiptinemarnir, sem komum heim það árið, fengum leyfi alþjóðaskrifstofu AFS til að enduropna skrifstofu samtakanna. Skrifstofunni hér heima hafði verið lokað árið áður vegna rekstrarerfiðleika.

Þó að mér finnist margt óunnið, þá er ég ánægður með það sem hefur þó áunnist. Efst er mér í huga hin mikla samheldni sem einkennt hefur stjórn samtakanna, en við höfum þurft að taka margar erfiðar, en nauðsynlegar ákvarðanir. Vinátta stjórnarmanna er það sem ég tek með mér og fullvissan um að okkur hefur tekist að þróa félagið – þrátt fyrir erfið ár eftir efnahagshrunið mikla 2008.

Þar sem ég er að hverfa á braut leyfi ég mér að draga saman helstu áhersluatriði undanfarinna ára:

- Húsnæði og tækjabúnaður samtakanna stórlega endurbættur.
- Fyrirkomulagi tölvuvinnslu gjörbreytt og einfaldað.
- Netlægt félagatal tekið í notkun.
- Fullkomið rekstrarlíkan tekið í notkun.
- Hugbúnaður fyrir Sendingu og Hýsingu þróaður.
- Samþykktum félagsins breytt til að gefa deildum meiri áhrif og vægi.
- Styrking sjálfboðaliðastarfsins með þátttöku í námskeiðum erlendis.
- Undirbúningur að stofnun Styrktarsjóðs AFS (Hollvinasamtök AFS).
- Breyttar áherslur í markaðsmálum með aukinni notkun net- og samfélagsmiðla.

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu og í raun endurnýjun sem félagið hefur farið í gegnum á umliðnum árum, þá er ég stoltastur yfir þeim árangri sem náðst hefur með sendingu nema

erlendis. Efnahagshrunið hefur svo sannarlega snert okkur þar sem kostnaðurinn er að stórum hluta tengdur gengi dollarans. Við höfum þurft að horfa upp á mikið rekstrarlegt tap undanfarin ár, en á móti höfum við getað gefið fjölda ungs fólks tækifæri á nýjum upplifunum og reynslu sem þau munu búa að alla ævi.

Ef ekki hefði komið til varasjóður samtakanna þá hefði reksturinn verið í uppnámi. Gæfa okkar fólst m.a. í því að okkur tókst að varðveita sjóðinn að fullu í hruninu. Af þeirri ástæðu ákvað stjórnin að stofna sérstakan Styrktarsjóð (Hollvinasamtök AFS) þar sem sjálfstæð stjórn fær það hlutverk að gæta varasjóðsins og úthluta styrkjum þegar slíkt verður mögulegt.

Forverum okkar ber að þakka þá framsýni sem þeir sýndu þegar þeir söfnuðu til mögru áranna og það er okkar skylda, og þeirra sem taka við, að viðhalda þeirri hugsun í verki.

Það hefur verið einstaklega gefandi að vinna með unga fólkinu í félaginu. Ég hef upplifað það að kveðja óreynda og kvíðna unglinga og taka síðan á móti þeim ári síðar, sem þroskuðum og sjálfstæðum einstaklingum. Margir hafa síðan gefið krafta sína í þágu AFS – til þess að gefa öðrum tækifæri á að upplifa það sama sem við höfum öll gert. Án sjálboðaliðanna, ekki aðeins skiptinemanna, heldur einnig allra hinna sem koma að rekstri félagsins, væri ekki hægt að bjóða upp á skiptinemadvöl. Því vil ég fá að þakka sjálfboðaliðum sérstaklega fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Stjórnarmönnum þakka ég fyrir samheldnina og vináttu - eins og áður er getið. Starfsfólki og þá framkvæmdastjóranum, Jónu Fanneyju, þakka ég alveg sérstaklega fyrir samstarfið. Jóna Fanney hefur sýnt og sannað að þar fer öflugur einstaklingur sem án nokkurs efa á eftir að færa hugsun og starfsemi skrifstofunnar inn á nýjar og brautir.

Með trega segi ég nú skilið við félagið sem mér er svo kært.

Frá framkvæmdastjóra

Jóna Fanney Friðriksdóttir

Það hefur verið afar ánægjulegt að koma aftur í starfsmannahóp AFS á Íslandi eftir 14 ára fjarveru. Eftir að ég lauk störfum sem sendingarfulltrúi árið 1997 hefur mér þó auðnast að fylgjast vel með málum sem stjórnarmeðlim.

Margt hefur breyst á þessum tíma. Bylting hefur orðið í tölvu- og samskiptamiðlum og óneitanlega lita slíkar tækniframfarir starfið allt. Eðli málsins samkvæmt eru foreldrar í mun nánari samskiptum við börn sín á erlendri grund en áður og því er forvitnilegt að upplifa það nú að starfsmenn AFS eru ekki lengur að færa foreldrum fréttir af börnum þeirra heldur öfugt. Hvað þetta varðar eru hlutverkaskipti aðeins að breytast og þarf AFS að mínu mati að þroskast með því.

Tækniframfarir hafa einnig haft mikil áhrif á vinnuumhverfi skrifstofu AFS. Eins og fram kemur í greinargerð verkefnisstjóra og tölvunefndar varð bylting í verkferlum og vinnslu gagna á árinu. Arkitektinn og frumkvöðull að þeirri vinnu er Kristján Gíslason, formaður og naut félagið góðs af viðamikilli þekkingu hans sem kerfisfræðings. Kristján hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu mikilvæga verkefni og aðdáunarvert hvað hann hefur helgað mikið af tíma sínum í þágu samtakanna. Kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Rekstur félagsins gekk ágætlega á starfsárinu og skv. ársreikningi er hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði kr. 4.484.444. Þessi niðurstaða er um 3% af heildartekjum félagsins. Líkt og undanfarin ár hefur gengi krónunnar ekki verið félaginu hagstætt og skiljanlega er fólk enn á varðbergi eftir þær hremmingar sem hér dundu yfir síðla árs 2008. Félagið stendur þó vel fjárhagslega og hefur á síðustu árum komið sér upp varasjóði sem ætlunin er að nýta á uppbyggilegan hátt fyrir samtökin í náinni framtíð.

Nýjar víddir hafa opnast í Evrópusamstarfi og hafa íslenskir sjálfboðaliðar stimplað sig vel þar inn. Á starfsárinu var sótt í Evrópusjóði í samstarfi við Evrópu Unga Fólksins til að fjármagna vistaskipti milli AFS deilda undir heitinu Chapter Exchange. Einnig er það orðinn árlegur viðburður að sjálfboðaliðar sæki Summer Summit, þjálfunarnámskeið sjálfboðaliða AFS sem haldið er af EFIL í einhverju Evrópulandanna á ári hverju. Tveir sjálfboðaliðar AFS sóttu Summer Summit í Lettlandi á starfsárinu. Sótt var um EVS styrk til að senda einn sjálfboðaliða AFS á Íslandi til Brussel í starfsnám í eitt ár. Umsókn okkar hlaut jákvæðar viðtökur og fer það verkefni í gang í október 2012.

EVUR-nar, er feyki skemmtilegt verkefni AFS kvenna á öllum aldri í Evrópu. Íslensku EVUR-nar okkar sóttu á árinu Ítalíu heim og gistu þær í heimahúsum hjá ítölskum kynsystrum sínum í Flórens. Þetta skemmtilega verkefni sýnir hvað AFS teygir anga sína víða, þótt margur haldi að starfið gangi einungis út á nemandaskipti 15 – 18 ára ungmenna.

Þjálfun sjálfboðaliða og starfsfólks er mikilvægur liður í að viðhalda og endurnýja þekkingu innan samtakanna. Þannig komast AFS-arar jafnframt í tengsl við grasrótina og kollega sína á erlendri grund og ná að hlaða batteríin. Sérfræðiþekking AFS á gagn-kvæmum menningarskiptum er orðin dýrmæt og nú þegar samtökin hafa náð sér úr öldudal efnahagsþrenginga er áhugavert að velta fyrir sér á næstu misserum hvernig nýta beri þessa sérfræðiþekkingu enn frekar í uppbyggingu samtakanna. Örnámskeið og sjálfboða-liðaskóli eru meðal þess sem fráfarandi stjórn hefur verið með á teikniborðinu í þessum efnum og nú er lag!

Sendingarfulltrúi sótti námskeið í Egyptalandi haustið 2011 og hýsingarfulltrúi hélt til Frakkalands í þjálfun. Formaður sótti Heimsþing AFS sem að þessu sinni var haldið í Bangkok í Tælandi. Framkvæmdastjóri fór til Zürich í Sviss á „HOO meeting“ (Head of Office) á vegum EFIL en framkvæmdastjórar Evrópulandanna hittast á slíkum fundum tvisvar á ári.

Í maí 2012 kom Nick Cooper, sérfræðingur úr samskipta- og tölvudeild AFS International (IT) til að veita starfsmönnum og tölvunefnd betri innsýn inní gagnagrunn AFS, Global Link. Það þótti löngu tímabært að starfsmenn fengju meiri þjálfun í notkun upplýsingakerfisins. Tölvunefndin átti einnig fund með Nick með góðum árangri.

Stofnun og viðhald deilda er eilífðarverkefni allra AFS landa. Tengsl við skóla- og menntastofnanir þarf að rækta. Þessi tvö atriði eru að mínu mati forgangsverkefni á nýju starfsári. Skólarnir eru hornsteinninn í starfi AFS og hér þarf að mínu mati að gera mikinn skurk í að efla tengslin að nýju.

Við sjáum fjölda sendra skiptinema skríða hægt uppá við aftur en það gætir enn sveiflna. Öflugasta markaðstæki AFS eru skólakynningarnar þar sem fyrrum skiptinemar fá að koma inní tíma til jafnaldra sinna og segja frá upplifun sinni og reynslu. Unga fólkið leikur því lykilhlutverk í kynningu á samtökunum. Jafnframt hafa „Opin hús“ verið vinsæl en þá veita sjálfboðaliðar og starfsfólk upplýsingar til áhugasamra. Það má því segja

að „face to face“ kynning sé sú leið sem skilar langbestum árangri í að auka þátttöku ungs fólks í skiptinám.

Það sem hins vegar hefur ekkert breyst frá því ég starfaði síðast á skrifstofunni er fólkið sjálft sem kemur að samtökunum. AFS gengur út á samskipti og fólk og það er það sem dregur okkur öll að starfinu.

Við horfum nú á öflugan liðsmann, Kristján Gíslason, formann hverfa á vit nýrra ævintýra. Það hefur verið lærdómsríkt og skemmtilegt að starfa með Kristjáni bæði í stjórn og sem framkvæmdastjóri. Hann hefur verið vakinn og sofinn yfir félaginu allan þann tíma sem hann hefur gengt embætti formanns. Fyrir hönd AFS þakka ég honum innilega fyrir það mikla starf sem hann hefur innt af hendi fyrir félagið sl. ár. Það er gott að vita af Kristjáni ásamt fleiri velvildarmönnum í baklandinu.

Það er gaman að koma aftur á sinn gamla vinnustað og upplifa hvað sjálfboðaliðastarf AFS á Íslandi er enn öflugt. Að mínu mati eru vinnubrögð og öll nálgun verkefna mun faglegri hjá unga fólkinu en áður, enda breyttir tímar. Sjálfboðaliðahópur samtakanna er skipaður frábærum einstaklingum og það er sérstaklega gaman að starfa aftur með „gömlum refum“ sem enn eru í lykilstöðum sjálfboðaliða eftir öll þessi ár. Þessu fólki sem og þeim sem nýir eru í hópnum verður seint fullþakkað fyrir sitt ómetanlega framlag í þágu málstaðarins.

Starfsfólki, stjórn og öðrum sjálfboðaliðum þakka ég frábært samstarf á starfsárinu. Það er gott að finna að það svífur sannur AFS andi yfir vötnum í starfinu, nú sem áður fyrr.

Sending – íslenskir nemar

Guðrún Hulda Eyþórsdóttir
Deildarstjóri íslenskra nema

Á bókhaldsárinu 2012 (ágúst 2011 – júlí 2012) fóru alls 102 skiptinemar erlendis á vegum AFS á Íslandi. Þetta er aukning frá því árinu áður en þá fóru 94 skiptinemar út á vegum samtakanna. Af þeim 102 nemum héldu 85 ungmenni á vegum AFS til 22 landa á sumarbrottför, þar af einn í hálfsársdvöl. Langflestir heilsársnemar fóru til Bandaríkjanna eða 17 manns. Til Rómönsku Ameríku fóru 34 nemar, flestir til Argentínu eða átta ungmenni.

Í vetrarbrottför 2012 fóru 17 nemar til sjö landa, þar af einn í hálfsársdvöl. Af þeim löndum sem í boði voru í vetrarbrottför voru Nýja Sjáland og Kosta Ríka vinsælust, en fimm nemar fóru til Nýja Sjálands og aðrir fimm til Kosta Ríka.

Þegar þetta er ritað, í lok september 2012, eru þrír nemar að vinna í frumumsókn fyrir vetrarbrottför 2013, ellefu nemar hafa lokið framhaldsumsókn. Að auki eru þrjár framhaldsumsóknir í vinnslu.

Fyrir sumarbrottför 2013 eru nú fjórar frumumsóknir í vinnslu og sautján framhaldsumsóknir. Það lítur því út fyrir lítilsháttar aukningu frá því í fyrra. Asía vinnur sífellt meira á sem áfangastaður. Fullt er til Japans fyrir allt árið 2013 en það árið halda fjórir skiptinemar í skiptinemadvöl til Japans. Bandaríkin eru enn vinsæl, en nú þegar eru átta framhaldsumsóknir til Bandaríkjanna í vinnslu og sex frumumsóknir og því lítur út fyrir að þangað verði bráðlega fullt.

Fósturfjölskylduöflun í Bandaríkjunum hefur gengið erfiðlega síðustu ár. Nú er svo komið að yfirvöld í Bandaríkjunum leyfa skiptinemunum ekki að koma til landsins fyrr en búið er að finna og samþykkja fóstur-fjölskyldurnar. Hýsingarfjölskyldur þarlendis þurfa nú að skila inn skattaframtölum og sakavottorðum til dómsmálaráðuneytisins. Ráðuneytið metur síðan hvort fjölskyldan sé fjárhagslega hæf til að hýsa nema auk þess

að vera með hreint sakavottorð. Þetta hefur orðið til þess að brottfarir nema til Bandaríkjanna, hafa orðið fimm talsins á tímabilinu 8. ágúst til 21. september. Er fyrirséð þessi breyting sé komin til að vera og að framvegis verði um nokkrar mismunandi brottfarardagsetningar til Bandaríkjanna.

Fósturfjölskylduöflun í viðkomandi löndum gekk misjafnlega vel fyrir sig. Ekki er laust við að AFS verði vart þeirra efnahagsþrenginga sem mörg Evrópulöndin standa frammi fyrir. Þannig gekk fósturfjölskylduöflun í löndum á borð við Spán, Frakkland, Belgíu, Þýskaland og Portúgal hægt fyrir sig en tveimur vikum fyrir komu skiptinemanna var 70-89% þeirra komnir með fjölskyldur. Starfsfólk AFS skrifstofanna í þessum löndum var þó alltaf jákvætt og duglegt að senda frá sér upplýsingar um gang mála.

Innra kerfi AFS er sífellt í vinnslu og sú breyting hefur orðið á í vinnslu umsókna innan AFS á alþjóðavísu að nú eru nemarnir ekki lengur „tryggir með pláss“ eða *Guaranteed*, heldur „samþykktir“ eða *Approved*. Þessi breyting felur í sér að löndin munu ekki og hafa í raun ekki getað tryggt skiptinema dvöl fyrr en fósturfjölskylda finnst. Þar af leiðandi eru umsækjendur nú ekki öruggir um að komast til dvalar heldur samþykktir með þeim fyrirvara að fósturfjölskylda fáist fyrir hann áður en skiptinemadvölin hefst (*Appproved*).

Súluritið hér að neðan sýnir fjölda þátttakenda hjá AFS síðastliðin tíu ár. Tölurnar byggja á upplýsingum úr félagatali samtakanna auk skráninga í svokallaðan Glóbal sem er sameiginlegur gagnagrunnur AFS á alþjóðavísu.

Eins og sjá má, sýnir súluritið stigvaxandi þátttökufjölda fram til 2009 en þá verður tæplega 60% fækkun þátttakenda frá árunum áður. Á árunum 2010 og 2011 verður aftur fjölgun á þátttakendum en enn virðist markaðurinn vera í ójafnvægi og því verður spennandi að fylgjast með þróun næstu ára.



Hýsing – erlendir nemar

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir
deildarstjóri erlendra nema

Þann 19. ágúst 2011 komu 17 skiptinemar til landsins til ársdvalar frá 12 þjóðlöndum. Stjórn AFS á Íslandi hafði að vísu samþykkt að tekið yrði við 26 erlendum nemum þetta árið en á endanum bárust okkur 20 umsóknir. Er líða tók á maímánuð drógu þrír nemar umsóknir sínar til baka, einn þeirra féll á grunnskólaprófi í heimalandi sínu og tveir nemar drógu umsókn sína tilbaka af fjárhagsástæðum, en þeir höfðu sótt um styrk til fararinnar í heimalandi en fengu ekki úthlutun. Það var því ljóst í lok maí 2011 að 17 erlendir nemar myndu dvelja á Íslandi 2011-2012.

Menningarhelgin var haldin í lok mars og gekk hún einkar vel. Að þessu sinni var farið til Vestmannaeyja við mikinn fögnuð erlendu nemanna.

Í lok júní kvöddu svo nemarnir fjölskyldur sínar við gróðursetningu í AFS reitnum í Heiðmörk. Eftir athöfnina var haldið til Reykjanesbæja þar sem gist var eina nótt áður en þau héldu heim á leið sunnudaginn 26. júní 2011.

Fósturfjölskylduöflun 2011-2012 gekk ágætlega fyrir þessa sautján nema og voru allir komnir með heimili á Íslandi tveimur vikum fyrir komu.

Allir sóttu nemarnir nám í framhaldsskólum víðsvegar um landið utan eins nema sem var á grunnskólaaldri og sótti nám í Grunnskóla Bláskógarbyggðar með góðum árangri.

Einn nemi skipti um skóla á annaskiptum en að öðru leyti gengu samskipti við skóla landsins ágætlega.

Nemarnir dreifðust ágætlega utan höfuðborgasvæðisins en þó aðallega á suðvestur hornið. Af þeim sjö sem fengu úthlutaða fjölskyldu út á landi var ein stúlka á Akureyri, ein í Vestmannaeyjum, ein fór á Selfoss og önnur í dreifbýli þar fyrir utan, tveir nemar dvöldu í Borganesi og einn nemi í

Reykjanesbæ. Því miður dvöldu engir nemar á Austurlandi þetta árið.

Fjölskylduskipti áttu sér stað hjá þremur erlendum nemum á starfsárinu vegna ólíkra ástæðna. Öll fjölskylduskipti áttu sér stað á fyrri helmingi ársins.

Mánaðarmótin febrúar - mars 2012 tók til starfa ný deildarstýra erlendra nema. Sólveig Ása B. Tryggvadóttir sem tók við af Berglindi Hafsteinsdóttur.

Eitt af fyrstu verkum nýráðins deildarstjóra var að skipuleggja, í samráði við sjálfboðaliða, árlega menningarferð. Að þessu sinni var haldið á Snæfellsnesið og gekk ferðin vel að öllu leyti. Gist var í Grunnskólanum í Grundarfirði, góð stemning var í hópnum og var veður einkar gott. Úrvalslið sjálfboðaliða á öllum aldri ásamt deildarstjóra sóttu Snæfellsnesið heim og höfðu allir gott og gaman af.

Skiptinemadvölinni lauk frekar snemma sumarið 2012, eða þann 9. júní. Þar afleiðandi sóttust fáir nemar eftir sveitadvöl en margir nýttu tímann eftir skólalok og skoðuðu sig um með fósturfjölskyldum.

Að venju var gróðursett í lundi samtakanna í Heiðmörk áður en nemarnir héldu í lokabúðir sem haldnar voru í Reykjanesbæ.

Fyrir núverandi skólaár 2012 – 2013 sóttu 28 lönd um samtals 34 pláss. Aðsóknin var ágæt og var Ísland vinsælt meðal nema frá Ítalíu og Frakklandi. Hér má sjá skiptingu á þjóðerni þeirra nema sem sækja landið heim 24. ágúst 2012.

Erlendir nemar á Íslandi 2010, 2011,2012 - eftir þjóðernum



Verkefnastjóri

Agnes Vala Bryndal

Verkefnastjóri AFS

Verkefnastjóri tók að sér að fara yfir verkferla í starfsemi félagsins, skilgreina tölvukerfi AFS og skilgreina framtíðarsýn í virkni þeirra, fara í vinnslu á félagatali AFS ásamt því að grípa inn í önnur verkefni þar sem þörf væri á. Verkefninu lýkur um áramótin 2012-2013.

Tölvukerfin

Við greiningu tölvukerfa kom í ljós að um var að ræða fjögur frístandandi kerfi sem ekki „töluðu saman“ á neinu stigi í vinnsluferli þeirra. Þetta þýðir með öðrum orðum að allar upplýsingar þarf að handfæra inn í hvert kerfi fyrir sig.



Engin tenging er á milli kerfa AFS

Strax var ljóst að við svo væri ekki búið í alþjóðlegu samskiptaumhverfi tuttugustu og fyrstu aldar. Framtíðarsýn varðandi tölvukerfin var lögð fram í lok janúar og er leiðarljós hennar að gögn flæði á milli kerfana án mikillar fyrirhafnar.



Í þessu tilliti yrði félagatal AFS, sem þróast á í Upplýsingakerfi AFS í framtíðinni, miðlægur gagnagrunnur sem tekur á móti gögnum frá öllum kerfum hvort sem um er að ræða upplýsingakerfi eins og AFS Global eða fjárhagskerfum eins og bókhalds- og bankakerfum.

Verkferlar

Við úttekt verkefnastjóra á verkferlum kom fljótlega í ljós að ekki var haldið utan um með neinum haldbærum hætti stöðuna á ferli

umsækjenda (sending / hýsing). Að einhverju leiti var þetta aðgengilegt í gangagrunni AFS, *Global Link* og á handunnum excel skjölum. Yfirsýn virðist hafa skort varðandi utanumhald fjárhagslegra upplýsinga (innborganir, greiðsla umsóknargjalds).

Lyft hefur verið Grettistaki á árinu hvað þetta varðar og hefur stjórnarformaður AFS í samvinnu við framkvæmdastjóra og verkefnastjóra þróað skjöl í umhverfi Google Docs þar sem nú er haldið utan um umsóknarferli nema frá upphafi til enda. Skiptir þar mestu að allir starfsmenn AFS geta séð með einföldum hætti stöðu nemans í rauntíma hvort sem um er að ræða hvar hann er staddur í umsóknarferlinu og hver skuldastaða hans er við AFS þegar um er að ræða sendingu.

Þegar kemur að hýsingu þá er hægt að sjá með einföldum hætti þá nema sem hafa verið samþykktir, hvort þeir eru komnir með hýsingarfjölskyldu og hvernig staða á skilum á gögnum þeirra er.

Þessi skjöl hafa verið í stöðugri þróun og verða þau síðan lögð til grundvallar við útfærslu upplýsingakerfis AFS þegar fram líða stundir.

Félagatal

Félagatal AFS sem eins og áður segir mun í framtíðinni verða upplýsingakerfi AFS (UKA) hefur tekið lungað af tíma verkefnastjóra undanfarna mánuði. Þegar þetta er ritað er búið að fara yfir alla árgangalista AFS og færa inn þá nema sem upp á vantaði inn í félagatalið. Þá er búið að setja alla nema frá upphafi AFS á Íslandi í réttan árgang en fyrir nokkrum árum breytti alþjóðaskrifstofa AFS skráningu nema við innleiðingu Global Link. Nú eru allir nemar skráðir á það ár sem þeir héldu utan til skiptinemadvalar.

Verið að skrá inn alla aðila sem gögn eru til um sem hafa á einhverjum tímapunkti hýst erlenda nema. Þegar verkefnastjóri hefur skráð inn allar upplýsingar sem honum eru aðgengilegar verður félagatalið afhent stjórn/tölvunefnd AFS. Næsta skref verður þá að fara yfir þá aðila sem ekki hafa nú þegar fengið kóða (skilgreint „prógramm“ eða hlutverk) í núverandi útgáfu félagatalsins, svo hægt sé að skilgreina tengsl þeirra við AFS.

Reykjavíkurdeild

Aron Freyr Jóhannsson
Umsjónarmaður sjálfboðaliða

Þar sem fráfarandi formaður Reykjavíkur-deildar, Fjóla Sigurðardóttir var vant við látinn var ég beðinn að taka saman þetta stutta ágrip yfir afstaðið starfsár hjá Reykjavíkurdeild. Tekið skal fram að sá er ritar gegndi hlutverki umsjónarmanns sjálfboðaliða í stjórn á umræddu tímabili

Starfsárið 2011 til 2012 hefur verið erfitt en jafnframt áhugavert og skemmtilegt hjá Reykjavíkurdeild. Ljóst var snemma árs í mars 2011 þegar reikningsári AFS á Íslandi var breytt að stjórn deildarinnar myndi sitja í eitt og hálft ár en ekki eitt eins og flestir höfðu gert ráð fyrir. Var því talsvert um nýliðun innan stjórnarinnar á starfsárinu og undir lokin höfðu 13 manns átt sæti í stjórninni á einhverjum tímapunkti yfir árið. Þrátt fyrir þetta gekk starfið með einstakri prýði og mega allir sem hönd lögðu á plóg vera stoltir af.

Starfsárið fór af stað með stærsta atburði ársins, sjálfboðaliða- og „6week“ námskeiðunum. Þessi námskeið eru að jafnaði haldin fyrstu helgina í október ár hvert. Þetta árið varð Klébergsskóli á Kjalarnesi fyrir valinu. Tókst vel til á hvoru námskeiðinu fyrir sig þótt minni hópur hafi mætt á sjálfboðaliða-námskeiðið en gert var ráð fyrir í upphafi. Það kom þó ekki að sök því sá hópur sem hlaut þjálfun hefur verið drifkrafturinn í starfinu síðastliðið ár. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að ári liðnu yrði fjöldatakmörkun á námskeiðinu. Þannig væri markmiðum um að mynda þéttan og góðan hóp náð, fremur en að ná sem flestum inn í starfið. Jafnframt var ákveðið að lágt skráningargjald yrði lagt á að ári til að reyna að sporna við því að sjálfboðaliðar skrái sig en mæti svo ekki á námskeiðin.

„6week“ námskeiðið sem haldið var á sama tíma fyrir erlendur nemana gekk svo eins og í sögu. Góð reynsla er komin á þetta námskeið sem haldið er fyrir erlendu nemana 6 vikum eftir að þau koma til landsins. Leiðbeinendur

eru orðnir reyndir og fátt sem kemur á óvart lengur. Einhver samgangur var síðan á milli námskeiða og verðandi sjálfboðaliðar fengu að kynnast skiptinemunum og öfugt.

Mánaðarlegir atburðir með erlendum nemum eða MAMEN eins og það er kallað í daglegu tali innan deildarinnar voru með hefðbundnum hætti. Skipuð var nefnd sem skipti með sér verkum eftir mánuðum og skipulögðum við allt frá kúrkvöldum á skrifstofunni yfir bíómynd yfir í hestaferð og flest þar á milli. Mikil ánægja er með það fyrirkomulag að óreyndari sjálfboðaliðar fái hér að spreyta sig í að skipuleggja atburði og framkvæma og er markmiðið að halda uppteknum hætti hvað þetta varðar.

Skólakynningar í efstu bekkjum grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla eru stór hluti af starfi Reykjavíkurdeildar og mikilvægur þáttur í því að ungmenni í skólum landsins geri sér grein fyrir þeim möguleikum sem felast í skiptinámi. Á ári hverju hefur verið lagður aukinn metnaður í skólakynningarnar og er svo komið nú að stærstur hluti skóla á Stór Reykjavíkursvæðinu (í sumum tilvikum teygjandi sig alveg til Suðurlands og Suðurnesja) nýtir sér það það að fyrrverandi skiptinemar komi og kynni þá lífsreynslu sem skiptinám felur í sér.

Viðtöl við skiptinema sýna að stærstur hluti skiptinema heyrir fyrst af AFS í gegnum þessar kynningar og ætlum við því hvergi að láta deigann síga í að verða betri í að kynna möguleikana og kynna þá víðar.

Þetta árið var í fyrsta skipti að hausti haldinn landsfundur deilda. Þá kom stór hluti stjórnar Reykjavíkurdeildar saman ásamt öðrum sjálfboðaliðum og meðlimum IPOT. Farið var yfir stefnumótun sjálfboðaliðastarfsins okkar og lögð drög að siðareglum. Fjallað var um hvernig best sé að nálgast hina ýmsu anga starfsins. Eiga þau í IPOT þakkir skilið fyrir skipulagningu og hvernig að fundinum var staðið, en hann tókst með prýði.

Piparkökubakstur og jólaball eru fastir liðir í starfinu með erlendu skiptinemunum og er gamanið sjaldan langt undan er þessir tveir atburðir eru annars vegar. Þetta ár var engin undantekning þar á. Á jólaballinu vantaði ekki upp á kræsingarnar sem fólk mætti með en ofgnótt var af góðgæti. Erlendu skiptinemarnir sögðu frá jólunum í sínu heimalandi og var afar áhugavert að hlusta á mismunandi siði og venjur og frásagnir sumra þeirra sem jafnvel halda ekki upp á jólin.

Undirbúningsnámskeið var haldið tvisvar á tímabilinu, eitt í janúar og annað í maí. Janúarnámskeiðið er ávallt minna í sniðum en bæði námskeiðin voru vel heppnuð. Ber að minnast á það að í fyrsta skipti í nokkur ár var undirbúningsnámskeið haldið norður á Akureyri. Við fögnum þeirri þróun, enda reynist mörgum erfitt að ferðast alla leið til Reykjavíkur yfir heila helgi. Þrátt fyrir stærð námskeiðsins í maí þar sem 50 manns fengu undirbúning fyrir brottför á erlendri grundu tókst afar vel til. Markmiðið að ári liðnu er þó að halda tvö minni námskeið til að minnka álag á leiðbeinendum.

Viðtöl og persónuskjöl (PI) eru unnin jafnt og þétt yfir árið sem liður í umsóknarferli verðandi nema. Fyllsta trúnaðar er gætt og allt gert til að nemum líði vel í umsóknarferlinu og það reynist hvorki flókið né yfirþyrmandi. Hefur vel tekist til á liðnu ári og prýðis reynsla komin upp innan okkar sjálfboðaliða að taka þessi viðtöl. PI skjölin eru svo unnin í kjölfarið og er oft stemning þegar 4-8 sjálfboðaliðar mæta á skrifstofuna, panta sér pizzu og vinna úr þessum skjölum og hafa það kósý saman.

Heimkomunámskeið var einnig haldið tvisvar á tímabilinu, í febrúar fyrir þá er komu heim í eftir áramót og í ágúst fyrir þá sem koma heim í júní og júlí. Er það námskeið enn í þróun en mikilvægt er að vel sé stutt við nýheimkomna nema og þeim veitt tækifæra á að tjá sig og fá ráðleggingar innan um fólk sem gengið hefur í gegnum svipaða lífsreynslu. Oft gleymist að reynslu skiptinemans er ekki lokið þegar hann lendir aftur á Íslandi. Það krefst oft mikillar aðlögunar að koma heim aftur. Eitt helsta markmið deildarinnar á næstu árum ætti að vera að leggja enn meiri metnað í að styðja sem best við nemana og hafa skref verið stigin í þá átt.

Menningarhelgi erlendu skiptinemanna var haldin í mars. Farið var á Snæfellsnes og nærliggjandi umhverfi skoðað, frábærlega tókst til og komu allir ánægðir heim að helginni lokinni.

Jafnt og þétt yfir árið voru *opin hús* á skrifstofunni, og eru þau jafnan vel sótt. Þá sitja sjálfboðaliðar fyrir svörum ásamt starfsfólki og kynna möguleika á skiptinámi og hýsingu. Oft er bryddað upp á því að vera með persónulega hluti frá dvölinni, mat eða drykk frá landinu sem kynnendur fóru til og getur skemmtilegur blær myndast á þessum viðburðum.

Brottfararnámskeið skiptinema var haldið í upphafi júnímánaðar og eins og gefur að skilja var um afar tilfinningaþrungna stund að ræða.

Annan hvern fimmtudag að öllu jöfnu er opinn fundur Reykjavíkurdeildar þar sem félagsmönnum býðst að mæta og hitta stjórn og aðra, kynna sér hvað er í gangi og jafnvel fá djús og smá snakk. Eru þessir fundir mikilvægur vettvangur til að kynna komandi atburði á mannlegan máta til viðbótar við tölvupóst og samskiptasíður á borð við Facebook.

Eins og þessi samantekt sýnir var öflugt starf í Reykjavíkurdeild þetta árið og ekki er ætlunin að hægja á eða setja í lausagang. Markmið okkar er að sjálfsögðu að bæta starf okkar, þó ekki sé nema eitt smáatriði í einu. Þannig náum við langtímamarkmiðum okkar um enn betra starf hjá AFS á Íslandi. Að þessu sögðu vil ég þakka stjórn Reykjavíkurdeildar fyrir liðið starfsár og þakka öllum þeim er lögðu sitt af mörkum í vinnu deildarinnar síðastliðið ár innilega fyrir sitt framlag. Án þessara aðila hefði ekkert af því sem við áorkuðum í ár verið hægt og án þeirra væri engin deild.

Akureyrardeild

Helen Hannesdóttir
Formaður Akureyrardeildar

Stuð á undirbúningsnámskeiði á Akureyri vorið 2012.

Stjórnarmeðlimir Akureyrardeildar:
Helen (formaður)
Þuríður (varaformaður og viðtöl)
Eygló (fjölskylduöflun)
Jóhanna Herdís (skólakynningar)

Einn skiptinemi var á Akureyri á starfsárinu, Miori frá Japan.

Verkefni Akureyrardeildar á starfsárinu voru að venju fjölbreytileg.

- Aðalfundur fyirr sunnan (apríl 2011)
- Akureyrarhelgin (maí 2011)
- Kveðjugrill skiptinemanna (júní 2011)
- Sundferð á Þelamörk (september 2011)
- 6 week camp og sjálfboðaliðanáms-skeið (október 2011)
- Piparkökubakstur (desember 2011)
- Vídeókvöld (febrúar 2012)
- Fjölskylduöflun (apríl 2012)
- Undirbúningsnámskeið á Akureyri (maí 2012)
- Kaffihúsakvöld voru haldin fyrsta sunnudag hvers mánaðar

IPOT (Icelandic Pool of Trainers)

Sigrún Tinna Sveinsdóttir

Training for Trainers í Póllandi

Í september 2011 fór ég til Kraká í Póllandi á þjálfaranámskeið á vegum EFIL.

EFIL eru regnhlífarsamtök AFS í Evrópu og halda þau á hverju ári svokallað *Training For Trainers* og er tilgangurinn að veita sjálfboðaliðum meiri þjálfun og efla færni þeirra í sjálfboðaliðastarfinu sem þeir sinna innan AFS í sínu landi.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru mjög færir og ég lærði reglulega mikið af þeim. Einnig lærði ég mikið af hinum sjálfboðaliðunum sem tóku þátt. Þau voru frá mismunandi Evrópulöndum og með mismunandi reynslu.

Námskeiðið stóð yfir í rúma viku. Fyrri hlutinn var fjölbreytt þjálfun fyrir okkur þátttakendurna en seinni hlutinn var meira verklegur. Við undirbjuggum og héldum tveggja daga sjálfboðaliðanámskeið fyrir pólsk ungmenni sem hafa áhuga á að vera sjálfboðaliðar fyrir AFS í Póllandi, en unnið er að stofnun þess um þessar mundir. Þetta var mikil vinna en alveg frábær reynsla.

Summer Summit í Lettlandi

Í júlí á þessu ári var haldið EFIL Volunteer Summer Summit (VSS) í 5 sinn. Þetta er stór fjögurra daga þjálfunarviðburður sem haldinn er í mismunandi löndum í hvert sinn. Þátttakendur eru frá öllum AFS samtökum í Evrópu og í ár voru einnig nokkrir frá Norður- og Suður-Ameríku og Afríku. Þátttakendur eru á öllum aldri; allt frá 17 ára og upp í 70 ára. Á starfsárinu ár var Ogre í Lettlandi fyrir valinu. Þrír aðilar tóku þátt á vegum AFS á Íslandi með mismunandi hætti. Aron Freyr Jóhannsson, umsjónarmaður sjálfboðaliða í Reykjavíkurdeild var þátttakandi, Marín Björt Valtýsdóttir, sem er í IPOT (Icelandic Pool of Trainers) var þjálfari og Sigrún Tinna Sveindóttir (einnig í IPOT) var í

undirbúningsteyminu í Lettlandi. Alls voru um 170 þátttakendur, allt gekk vel og allir skemmtu sér konunglega. Á næsta ári verður VSS haldið í Danmörku og væri gaman ef íslenskir sjálfboðaliðar fjölmenntu á það.

Chapter Exchange 2012

Chapter Exchange er verkefni sem byggir á vistaskiptum ungs fólks innan Evrópu og er fjármagnað af *Youth in Action* verkefninu eða *Evrópu Unga Fólksins* á vegum ESB. Undirbúningur að verkefninu hófst á starfsárinu en framkvæmd þess mun vera í september 2012.

Markmiðið með verkefninu er að leiða saman sjálfboðaliða AFS í Evrópu. Í verkefninu munu fjögur þátttökulönd, Ísland – Belgía – Lettland og Tyrkland, leiða saman hesta sína á Íslandi til að ræða „Jafnrétti kynjana í fjölþjóðlegu samfélagi".

Sótt var um styrk hjá *Evrópu unga fólksins* og eru það sjálfboðaliðar AFS á Íslandi sem leiða verkefnið. Undirbúningur og vinnsla umsóknarinnar tók um það bil átta mánuði og var henni skilað hinn þann 1. febrúar, 2012. Í apríl það sama ár kom síðan í ljós að styrkurinn hafði fengist sem og að Ísland yrði gestgjafi Chapter Exchange þetta árið.

Undirbúningurinn hefur skilað sér og er óhætt að segja að viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Fjörtíu þátttakendur frá þessum fjórum löndum hafa boðað komu sína Chapter Exchange Iceland sem fer fram dagana 22. – 30 september 2012 og verður haldið að hluta á Hvolsvelli (fyrri hluti) og í Reykjavík (seinni hluti).

Sigrún Tinna, Aron Freyr og Marín Björt á Summer Summit í Lettlandi í júlí 2011.

Training for Trainers í Kraká í Póllandi í september 2011. Sigrún Tinna ásamt þjálfurum og þátttakendum,

ChapEX undirbúningshópurinn að hittast í fyrsta skipti.

Tölvunefnd

Ragnar Þorvarðarson

Tölvunefnd AFS (áður félagatalsnefnd) skipa Gísli Kristjánsson formaður, Ragnar Þorvarðarson og Rúnar Skúli Magnússon.

Eftir að nefndin tók til starfa í núverandi mynd fyrir um þremur árum var farið í að bjóða út forritun og rekstur félagatals AFS, en í framhaldi var fyrirtækið Nethönnun ehf. fengið til að smíða kerfið. Það gengur nú undir heitinu Upplýsingakerfi AFS á Íslandi (UKA).

Eins og áður hefur komið fram er félagatal samtaka á borð við AFS hjartað í félaginu og hefur því verið lögð áhersla síðustu mánuði á yfirferð gagna ásamt því að uppfæra upplýsingar um félaga til að eiginleikar kerfisins nýtist sem best. Þar hefur Agnes Vala Bryndal, starfsmaður á skrifstofu AFS, unnið ómetanlegt starf á árinu ásamt því að fara í gegnum villuprófanir á kerfinu.

Almennt hefur mikil vinna farið í innleiðingu á félagatalinu og undirbúningsvinnu fyrir næstu skref. Nefndin fundaði með Nick Cooper tölvusérfræðingi frá alþjóðaskrifstofu AFS (AFS International). Þar fengu nefndarmenn og starfsfólk ítarlegri innsýn í AFS Global Link, miðlægan gagnagrunn sem AFS skrifstofur víðsvegar um heiminn nota til að taka á móti umsóknum frá skiptinemum og fóstur-fjölskyldum.

Einnig hefur tölvunefnd aðstoðað við innleiðingu á Google Apps sem tölvudeild alþjóðaskrifstofu AFS tók í notkun fyrir nokkrum misserum og er nú notað á skrifstofu AFS á Íslandi. Notkun á því kerfi hefur í för með sér töluverða hagræðingu og meira öryggi í afritun gagna. Fulltrúi tölvunefndar hélt ennfremur námskeið með starfsfólki á tímabilinu til að auka þekkingu á fjölbreyttum möguleikum kerfisins.

Það er sannfæring nefndarmanna og annarra í aðalstjórn AFS á Íslandi að áframhaldandi tölvuvæðing samtakanna sé mikilvægur hlekkur í framþróun þeirra. Nefndin mun því starfa áfram næsta starfsárið að uppbyggingu upplýsingakerfis samkvæmt fyrirfram skilgreindum markmiðum.

Líkt og síðustu ár ber jafnframt að þakka formanni AFS fyrir óeigingjarnt starf í þágu nefndarinnar við gagnavinnslu og þátttöku í innleiðingarferli.

EVUR

Evur eru hópur kvenna á breiðum aldri sem allar tengjast AFS á einhvern hátt. Konurnar hafa ýmist verið skiptinemar eða hýst skiptinema en allar eigum við það sameiginlegt að hafa unnið sjálfboðaliðastarf fyrir AFS á Íslandi. Sumar hverjar verið þetta allt saman.

Evu prógrammið gefur okkur stelpunum tækifæri á að hitta aðra sjálfboðaliða á okkar aldri og deila með þeim reynslu okkar af sjálfboðaliðastörfum innan AFS. Með Evu prógramminu eflast tengsl eldri sjálfboðaliða innan AFS samtakanna. Við gistum í heimahúsum hjá okkar systrum eins og okkar hópur kýs að kalla það. Þetta gefur okkur tækifæri til að upplifa ólíka menningu og vera hluti af þeirra fjölskyldu.

Í ár lá leið okkar til Ítalíu, nánar tiltekið Flórens. Þar tóku „systur" okkar móti okkur, sem höfðu heimsótt okkur í júní í fyrra.

Við vorum 10 konur á aldrinum 38 – 60 ára sem lögðum af stað í þessa ferð að morgni mánudagsins 11. júní 2011. Fjórar okkar höfðu þó hafið ferðalagið deginum áður, því ekki var

allur hópurinn frá höfuðborgarsvæðinu. Tvær okkar eru frá Ísafirði og aðrar tvær frá Akureyri.

Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð, ýmist var allur hópurinn saman eða hver með sinni systur. Að upplifa landið og menninguna á þennan hátt er ómetanlegt, upplifun sem við hefðum jafnvel aldrei fengið sem venjulegir ferðamenn.

Á þennan hátt höfum við eignast aðra fjölskyldu í öðru landi og það er undir okkur komið að rækta það samband. Við erum ekki hættar að ferðast sem Evur. Við viljum halda áfram að efla tengsl systra innan AFS um allan heim.

Hvert verður farið næst eða hverjar koma að heimsækja okkur á næstu árum er enn óráðið, en stuttu eftir heimkomu okkar frá Ítalíu, kom fyrirspurn erlendis frá og fylgdi önnur fljótlega í kjölfarið svo áhuginn er greinilega mikill á Eva-prógramminu.

Arrivederci!

Hanna Vilhjálmsdóttir
Sólveig Vilhjálmsdóttir

Sjálfboðaliði ársins

Hefð er komin á það að velja sjálfboðaliða ársins úr röðum þeirra fjölda einstaklinga sem starfa fyrir samtökin.

Stjórn AFS á Íslandi fannst tímabært að Marín Björt Valtýsdóttir hlyti heiðursnafnbótina *Sjálfboðaliði ársins* í ár.

Marín Björt var skiptinemi á vegum AFS á Ítalíu 2003 – 2004. Hún hefur verið ötull liðsmaður síðan þá, bæði sem formaður Eyjafjarðardeildar, sem meðlimur í IPOT og í framvarðarsveit sjálfboðaliðastarfsins í Reykjavík.

Hornsteinn AFS eru öflugir sjálfboðaliðar og hefur Marín Björt unnið þarft verk í þágu félagsins.

Stjórn AFS á Íslandi kann henni bestu þakkir fyrir framlagið og óskar henni velfarnaðar á erlendri grund.

Stjórn félagsins

Kristján Gíslason, formaður
Guðrún Björk Bjarnadóttir, varaformaður
Fjóla Sigurðardóttir
Gísli Kristjánsson

Gréta Ingþórsdóttir
Helen Hannesdóttir
Ragnar Þorvarðarson
Rúnar Skúli Magnússon

Jóna Fanney Friðriksdóttir vék úr stjórn í september 2011 er hún tók við sæti framkvæmdastjóra.

Kristján

Guðrún Björk

Fjóla

Gísli

Helen

Gréta

Ragnar



Rúnar Skúli

Starfsfólk

Jóna Fanney Friðriksdóttir
framkvæmdastjóri

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir
Deildarstjóri erlendra nema

Guðrún Hulda Eyþórsdóttir
Deildarstjóri íslenskra nema

Agnes Vala Bryndal
Verkefnastjóri (ráðin tímabundið í sérverkefni)

Arnheiður Þorsteinsdóttir
Aðalbókari, starfar sem verktaki

Jóna Fanney

Guðrún Hulda

Sólveig

Agnes Vala

Styrktaraðilar

2012

Hjónin Ragnheiður Jóna Jónsdóttir (USA ´79) og Arnór Víkingsson færa samtökunum Hitachi myndvarpa.

2011

Skipti

Skipti gaf Kyocera ljósritunarvél/skanna

2010

Hátækni

Hátækni gaf 47“ LCD flatsjónvarp

AFS á Íslandi þakkar veittan stuðning.

AFS á Íslandi

Ársreikningur 2012

01.08.2011 - 31.07.2012

Áritun.....	Bls.	2
Skýrsla stjórnar.....	-	3
Rekstrarreikningur 01.08. 2011 - 31.07.2012.....	-	4
Efnahagsreikningur 31.07 2012.....	-	5
Sjóðstreymi 01.08. 2011 - 31.07.2012.....	-	7
Skýringar.....	-	8

Áritun

Til stjórnar AFS á Íslandi

Ég hef farið yfir ársreikning AFS á Íslandi fyrir árið 2012, en hann samanstendur af skýrslu stjórnar, rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Skoðun mín á ársreikningnum byggist á lögum um bókhald og ársreikninga svo og góðri reikningsskilavenju á Íslandi. Var vinnan skipulögð þannig að nægileg vissa fengist um það að ársreikningurinn væri án verulegra annmarka.

Það er álit mitt að ársreikningurinn sé í samræmi við lög og góða reikningskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli komi þar fram.

Reykjavík, 8. september 2012

Magdalena Lára Gestsdóttir
Viðurkenndur bókari.

Kristinn Guðjónsson
Skoðunarmaður.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur AFS á Íslandi fyrir tímabilið 01.08.2011 - 31.07.2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikning.

Að áliti stjórnar AFS á Íslandi koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2012.

AFS á Íslandi er sjálfseignarstofnun.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2012 varð kr. 5.307.515. Eigið fé í lok árs var jákvætt um kr. 71.208.182. Að öðru leyti vísar stjórn félagsins í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri AFS á Íslandi staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. september 2012

Í stjórn

Gísli Kristjánsson

Gréta Ingþórsdóttir

Rúnar Skúli Magnússon

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur 01.08. 2011 - 31.07.2012

	Skýr.	01.08. 11 - 31.07. 12	01.01.- 31.07. 11
Tekjur:			
Þátttökugjöld		131.125.000	44.219.510
Þátttökugjöld f. frá fyrra ári		7.900.770	0
Umsóknargjöld		284.572	265.000
Styrkir		350.000	201.450
Þátttökugjöld erlendra nema / AFS INT		6.996.010	4.017.037
Eigin fjáröflun		177.600	571.300
Hollvinasamtök AFS		1.300.000	0
Heildartekjur		148.133.952	49.274.297
Rekstrargjöld sendir:			
Þátttökugjöld INT og ferðakostnaður		83.423.880	33.084.905
Annar kostnaður vegna sendra		7.269.702	670.908
		90.693.582	33.755.813
Rekstrargjöld hýstir:			
Kostnaður erlendra nema		2.255.824	2.150.586
		2.255.824	2.150.586
Rekstragjöld sendra og hýstra		92.949.406	35.906.399
Framlegð		55.184.546	13.367.898
Önnur Rekstrargjöld:	9		
Laun og launatengd gjöld		31.934.204	13.869.907
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		9.470.658	2.284.812
Rekstrarkostnaður húsnæðis		2.440.157	0
Annar rekstrarkostnaður		3.443.273	4.112.916
Félagsgjöld AFS INT og EFIL		3.411.810	911.071
Önnur rekstrargjöld		50.700.102	21.178.706
Rekstrarkostnaður samtals		143.649.508	57.085.105
Afkoma fyrir afskriftir		4.484.444	(7.810.808)
Afskriftir		1.175.750	843.084
Afkoma ársins fyrir fjármagnsliði		3.308.694	(8.653.892)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	8	1.998.821	798.150
Rekstrarafkoma ársins		5.307.515	(7.855.742)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.07 2012	31.07 2011
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	3, 4		
Fasteign		19.249.602	19.642.451
Innréttingar og húsgögn		5.531.361	6.135.797
Tölvubúnaður		416.419	594.885
		25.197.382	26.373.133
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Lán til AFS, USA		2.904.720	2.784.240
		2.904.720	2.784.240
Fastafjármunir		28.102.102	29.157.373
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	2		
Rekstrarvörur/bolir/peysur		231.535	337.420
		231.535	337.420
Skammtímakröfur	5		
Viðskiptakröfur		17.965.749	1.207.185
Fyrirframgreiddur kostnaður		8.919.662	21.843.733
Aðrar skammtímakröfur	9	0	26.197.760
		26.885.411	49.248.678
Handbært fé			
Bankainnistæður		127.728.905	84.787.596
		127.728.905	84.787.596
Veltufjármunir		154.845.851	134.373.694
Eignir		182.947.953	163.531.067

31. júlí 2012

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.07 2012	31.07 2011
Eigið fé	6		
Höfuðstóll		60.465.210	55.157.695
Bakhjarlaframlag		233.771	232.571
Sérstakur endurmatsreikningur		10.509.201	10.509.201
Eigið fé		71.208.182	65.899.467
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.012.159	138.458
Fyrirfram innheimtar tekjur		97.538.880	93.873.321
Evrópa unga fólksins		1.098.272	0
AFS INT		7.622.043	0
Aðrar skammtímaskuldir	9	1.468.417	3.619.821
Skammtímaskuldir		111.739.771	97.631.600
Skuldir og skuldbindingar		111.739.771	97.631.600
Eigið fé og skuldir		182.947.953	163.531.067

Sjóðstreymi ársins 01.08. 2011 - 31.07.2012

	01.08. 2011 - 31.07.2012	01.01. -31.07. 2011
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarafkoma ársins	5.307.515	(7.855.742)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Verðbætur langtímalána og gengismunur	0	(12.960)
Afskriftir	1.175.750	843.084
Veltufé frá (til) rekstri	6.483.265	(7.025.618)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur/birgðir, lækkun (hækkun)	22.348.673	(20.711.833)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	14.108.171	43.890.309
Handbært fé frá (til) rekstri	42.940.109	16.152.858
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	0	(1.628.257)
	0	(1.628.257)
Fjármögnunarhreyfingar		
Bakhjarlaframlag	1.200	1.200
	1.200	1.200
Breyting á handbæru fé	42.941.309	14.525.801
Handbært fé í ársbyrjun	84.787.596	70.261.795
Handbært fé í árslok	127.728.905	84.787.596

Skýringar

Starfsemi

1. AFS á Íslandi er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum. Aðalviðfangsefni samtakanna hér á landi eru nemendaskipti unglinga á aldrinum 15 - 18 ára.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningur AFS á Íslandi er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Hann er í öllum meginatriðum gerður með sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

   Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

   Vörubirgðir eru metnar af framkvæmdastjóra á kostnaðarverði.

   Sjóður og óbundnar bankainnistæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

   Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar og húsgögn	Tölvubúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 01.08 ´11	21.317.500	8.380.027	1.260.623	30.958.150
	21.317.500	8.380.027	1.260.623	30.958.150
Áður afskrifað	1.675.049	2.244.230	665.739	4.585.018
Afskrifað á árinu	392.849	604.436	178.465	1.175.750
	2.067.898	2.848.666	844.204	5.760.768
Bókfært verð 31.07 ´12	19.249.602	5.531.361	416.419	25.197.382
Afskriftarhlutföll	2%	10%	30%	

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af bókfærðu verði eigna, stofnverði í tilfelli fasteignar.

4. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteigna-mat	Vátrygginga-mat	Bókfært verð
Ingólfsstræti 3, Fnr. 200-4537,03-201 137,8 m2	19.880.000	47.000.000	19.249.602
	19.880.000	47.000.000	19.481.137

Skýringar

Skammtímakröfur

5. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði

Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Sérstakt endurmat	Bakhjarla-framlag	Höfuðstóll	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	10.509.201	232.571	55.157.695	65.899.467
Bakhjarlaframlag	0	1.200	0	1.200
Rekstrarafkoma ársins	0	0	5.307.515	5.307.515
	10.509.201	233.771	60.465.210	71.208.182

Aðrar skammtímaskuldir

Hluti annarra skammtímaskuld er fyrirframinnheimtar tekjur sem eru tilkomnar vegna nemenda sem eru erlendis í mimunandi leiðum á vegum félagsins sem ná fram á næsta ár. Kostnaður vegna þessara nemenda er einnig skipt í sama hlutfalli á milli ára og tekjurnar.

Skattamál

7. AFS á Íslandi er sjálfseignastofnun þar sem fjármagn og tekjuafgangur er notaður til almannaheilla. Félagið fellur því undir 5. tl. 4 gr. Laga nr. 90/2003 og greiðir því ekki tekjuskatt.

Önnur mál

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

	01.08. 2011 -	01.01. - 31.07. 2011
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	2.849.411	0
Fjármagnstekjurskattur til mótbókunar	(569.773)	0
Vaxtatekjur	0	798.150
	2.279.638	798.150
Gengistap	(178.207)	0
Dráttarvextir	(102.610)	0
	(280.817)	0
Flutt á rekstrarreikning	1.998.821	798.150

9. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrar- og efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

	01.08. 2011 - 31.07.2012

Rekstrargjöld íslenskir nemar

Ferðakostnaður	19.040.341
Þátttökugjöld	64.383.539
Þáttttökugjöld f.f ári	5.324.928
Undirbúningsmámskeið	48.453
Vegabréfaáritanir	525.771
Auglýsingarkostnaður	753.689
Styrkir til nema	350.000
Annar kostnaður f.f. Ári breytingargjöld ofl	266.861
	90.693.582

Rekstrargjöld erlendir nemar

Skólagjöld	292.300
Námsbækur	312.374
Skólaakstur og SVR	194.290
Annar skólakostnaður	287.714
Námskeið ARR 6WC MYS	818.513
Lækna - og sjúkrakostnaður	72.504
Annar kostnaður	41.357
Lokadvöl EOS	132.772
Vegabréfáritanur / dvalarleyfi hýstra	104.000
	2.255.824

Laun og launatengd gjöld

Laun	26.723.734
Laun Vinnumálastofnun	(1.554.301)
Áfallið orlof	(667.822)
Bifreiðastyrkir	570.000
Lífeyrissjóðsgjöld	2.339.884
Tryggingargjald	2.411.867
Sjúkra-, orlofs- og endurhæfingarsjóður	371.688
Kaffistofa	98.967
Tryggingar	33.877
Fundir og námskeið starfsmanna AFS/EFIL	786.727
Námskeið	634.157
Annar starfsmannakostnaður	185.426
	31.934.204

Sundurliðanir

01.08. 2011 - 31.07.2012

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Ritföng, pappír og prentun	803.660
Sími og fax	549.534
Póstburðargjöld	1.864.563
Bókhald, reiknings- og skattskil	2.116.378
Rekstur net - tölvubúnaðar	3.686.958
Stjórnar og aðalfundir	67.595
Annar skrifstofukostnaður	381.970
	9.470.658

Annar rekstrarkostnaður

Félagsgjöld

AFS IP	2.706.960
EFIL	699.850
Önnur félagsgjöld	5.000
	3.411.810

Rekstur húsnæðis

Hollvinasamtök AFS/ húsaleiga	1.300.000
Rafmagn og hiti	67.449
Hússjóður	79.560
Viðhald og rekstur húsnæðis	299.670
Hreinlætisvörur	37.264
Aðkeypt ræsting	273.000
Fasteignagjöld	383.214
	2.440.157

Annar rekstrarkostnaður

Gjaldfærð áhöld	300.617
Viðhald véla og áhalda	70.181
Aðkeypt vinna/Þýðingar	6.000
Vátryggingar	135.835
Fundir og námskeið sjáflboðaliða AFS INT	484.122
Fundir og námskeið sjáflboðaliða innanlands	245.865
Fundir og námskeið sjáflboðaliða erlendis	31.906
Fundar og deildarstarf	477.791
Chapter exchange kostnaður	209.307
Summer summit kostnaður	309.544
Hönnun, prentun og dreifing bæklinga	524.029
Framlag til deilda	195.609
Bankakostnaður og seðlagjöld	452.467
	3.443.273

Sundurliðanir

	01.08. 2011 - 31.07.2012
	31.07 2012
Aðrar skammtímaskuldir	
Ógreidd afdregin staðgreiðsla	397.180
Ógreitt tryggingagjald	136.884
Ógreiddur lífeyrissjóður	141.373
Ógreidd félagsgjöld og önnur sjóðagjöld	35.839
Ógreitt orlof	757.141
	1.468.417